



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

FATA2SH05

Kennari	Elísabet Kristófersdóttir, elisabet.kristofersdottir@fss.is		
Viðtalstími	Föstudagur 10:25-11:20		
Námsefni	Efni frá kennara: Nemendur fá efni í prufur, allan pappír í snið og plastvasa. Efnisgjald er 3000 kr. Nemendur kaupa sjálfir efni í sínar flíkur. Efnaverslanir veita afslátt til nemenda en þessar verslanir eru í Reykjavík. Kennari verður samt með efni sem hægt er að kaupa á önninni á 3000 kr. meterinn og fjármálastjóri rukkar nemendur í lok annar. Kennari skaffar sníðablöðin.		
Áfangalýsing	Í áfanganum vinna nemendur sjálfstætt að eigin hönnun, sniðum og saum. Kennari stendur hjá, aðstoðar og segir til. Nemendur gera vinnulýsingu eftir eigin hönnun. Nýjasta tíska í saumtækni skoðuð og gerðar verða 2 prufur í áfanganum. Flóknari flík saumuð.		
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi. Nemendur fá afmarkaðan tíma í hvert verkefni. Í vikunni eftir að verkefni á að vera lokið er skiladagur og ef einhver á eftir að klára verður gefin hálf til ein kennslustund til þess, einhverskonar stoðtími. Verkefni eru metin eftir erfiðleikastigi. Einkunnagjöf fer ekki eftir fjölda verkefna.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Saumur		40%
	Poki / taska		10%
	Mappan – verklýsingar ofl		10%
	Hugmyndabók		10%
	Prufur – hálsmál og bryddaður vasi		10%
	Paraverkefni		10%
	Virkni og sjálfsstæð vinnubrögð		10%
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.		
Annað sem kennari vill láta koma fram	Nemendur hafa einn dag til þess að gera athugasemdir við mætingar sínar.		

Grunnpættir menntunar	Læsi í fatahönnun felur í sér að nemendur læra að lesa í form, liti, snið og tísku ásamt því að tjá hugmyndir sínar á skapandi hátt með skissum, sniðagerð og saumaskap. Þeir efla sjónrænt læsi, sköpunargáfu og hæfni til að þróa og miðla eigin hönnun. Sjálfbærni í fatahönnun felur í sér ábyrga nýtingu efna, endurvinnslu og minni sóun. Nemendur læra um áhrif tísku á umhverfi og samfélag og þjálfast í að taka meðvitaðar og skapandi ákvarðanir í hönnunarferlinu. Heilbrigði og velferð í fatahönnun felur í sér jákvætt og skapandi vinnuumhverfi þar sem áhersla er lögð á öryggi, vellíðan, góða líkamsbeitingu og sjálfstraust nemenda. Lýðræði og mannréttindi í fatahönnun felast í því að nemendur læra að virða ólíkar hugmyndir, vinna saman og taka ábyrgð á eigin námi og sköpun. Áhersla er lögð á jafnræði, virðingu og að allir fái tækifæri til að tjá sig og þróa eigin stíl og hugmyndir. Jafnrétti í fatahönnun snýst um að allir nemendur hafi sömu tækifæri til að nýta hæfileika sína og tjá sig á sinn hátt. Lögð er áhersla á virðingu fyrir fjölbreytileika og jafnræði í bæði námi og skapandi vinnu, óháð kyni, uppruna eða getu. Sköpun í fatahönnun felur í sér að nemendur þróa hugmyndir og lausnir með gagnrýnni hugsun, frumleika og tilraunum.
------------------------------	--

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • að vinna að flóknari útfærslu grunnsniða • flóknari saumtækni • saum og fóðri • verklýsingum og flötum teikningum • tiskuteikning	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • vinna við flóknari útfærslur á sniðum og breytingar á þeim • sauma og fóðra • gera eigin vinnulýsingar • fara eftir vinnulýsingum
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vinna sjálfstætt við flóknari snið og sniðútfærslur • sauma fóðraða yfirhöfn eða kjól • nota og gera vinnulýsingar • temja sér vönduð vinnubrögð	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 1.5.klst.	24 klst.
Heimapróf	2 x 2 klst.	4 klst.
Verkefnavinna	10 klst.	10 klst.
Hugmyndabók	15 klst.	15 klst.
Alls		117 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	- Kynning á áfanganum Framkvæmdaáætlun /vinnuskýrsla kynning Moodboard - Flatar teikningar – kynning - Kynning á möppu - Taska - creative	Núna gera nemendur framkvæmdaáætlun og verklýsingu með hverri flík.
2. vika 24.-28. ágúst	Taska - creative	
3. vika 31. ágúst-4. september	Taska	Undirbúningur sniða
4. vika 7.-11. september	- Klára tösku í byrjun viku - Val á verkefni - snið - prufuflík ef þarf - Saumur	
5. vika 14.-18. september	Saumur	
6. vika 21.-25. september	Saumur	
7. vika 28. september-2. október	Vettvangsferð?	
8. vika 5.-9. október	- Sjálfsmat - Paraverkefni - bolur	Nemendur vinna eigið grunnsnið og útfært
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	- Paraverkefni – skila - Bryddaður vasi – prufa - Hlýrabolur V hálsmál - prufa	
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Saumur	
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Saumur	
12. vika 2.-6. nóvember	Saumur	
13. vika 9.-13. nóvember	Saumur	
14. vika 16.-20. nóvember	Saumur	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Saumur	
16. vika 30. nóvember-4. desember	Frágangur og pálínuboð	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Elísabet Kristófersdóttir